

Fundargerð

206. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 28. október 2014 kl. 12¹⁵–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raf- og rafeindatækjaúrgangur
- (3) Ráðstöfunaraðili
- (3) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (205. fundar).

2. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

ÓK fór yfir væntanlega framkvæmd við meðhöndlun rr-úrgangs með skjámyndum og dreifði útprentun af þeim á fundinum. Farið var yfir rekstrarlíkan og væntanlegan kostnað Úrvinnslusjóðs við meðhöndlun á rr-úrgangi. Farið var yfir þróun hráefnaverðs á London Metal Exchange undanfarin ár. ÓK fór yfir það, að á síðasta fundi var farið yfir tillögur þjónustuaðila og einnig tillögur frá RR-skil um greiðslur til þjónustuaðila fyrir meðhöndlun og ráðstöfun á raftækjaúrgangi. Til samanburðar voru skoðaðar forsendur í frumvarpi um greiðslur til þjónustuaðila sem voru byggðar á tillögum skilakerfa í árslok 2012. Áætlun Úrvinnslusjóðs gerir ráð fyrir greiðslu fyrir leigu og notkun á gámum og ílátum. Farið var yfir kostnað við flutning á rr-úrgangi til útlanda. ÓK fór yfir væntanlegar tekjur eða kostnað við ráðstöfun rr-úrgangs. Farið var yfir mat á greiðslum til þjónustuaðila, án flutningsjöfnunar innanlands, í sex flokkum rr-úrgangs. Farið var yfir greiðslur til söfnunarstöðvar sveitarfélaga vegna leigu undir gáma. Farið var yfir greiðslu vegna flutningsjöfnunar innanlands. ÓK fór yfir það að þessar greiðslur hafa verið skoðaðar nánar á milli stjórnarfunda til að komast að niðurstöðu um hvort að það þurfi endurskoðun á upphæðum úrvinnslugjaldsins. Farið var yfir möguleikann að hafa gjaldtöku óbreytta eins og hún birtist í frumvarpi fjármálaráðherra eða fara fram á breytingar á úrvinnslugjaldi. Annarsvegar til hækkunar á kælitækjum og til lækkunar á smáraftækjum við innheimtu úrvinnslugjalds í Tolti.

Umræðu frestað.

BS óskar eftir upplýsingum til að fara með á fund hjá Samtökum iðnaðarins og sýna hvaða breytingar myndu vera gerðar ef tillaga um hækkun er valin. Gerð verði grein fyrir:

- Af hverju þarf að hækka frá núverandi kerfi?
- Samanburður á tölum í frumvarpi og gjaldskrá skilakerfa
- Óvissuþættir

3. Ráðstöfunaraðili

Lögð er fram á fundinum umsókn frá Durinn ehf. kt. 501105-2440, Læk, 816 Ölfusi, um að gerast ráðstöfunaraðili fyrir plastumbúðir.

Samþykkt

4. Önnur mál

Lögð var fram á fundinum ósk frá fyrirtækinu Náttúran ehf. um styrk vegna útgáfu á korti er innheldur staðsetningar fyrir allar söfnunarstöðvar og grenndargáma sveitarfélaga á landinu.

Frestað.

Næsti fundur ákveðinn 4. nóvember 2014.

Fundi slitið kl 14:00

